



Samneysla jókst mikið 2020 - opinber fjárfesting minni en stefnt var að

Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands jukust samneysluútgjöld hins opinbera um 10,1% á milli ára 2019 og 2020. Fjárfestingarútgjöld hins opinbera drógust hins vegar lítillega saman á sama tíma, eða um 0,4%.

Samneysla aldrei verið meiri

Á árinu 2020 var samneysla 27,8% af vergri landsframleiðslu ársins og jókst úr 24,4% á árinu 2019. Þetta eru hlutfallslega langmestu samneysluútgjöld sem hafa sést hér á landi, en meðalhlutfall samneyslu á ári á þessari öld hefur verið 24,3%. Eins og getið var um í nýlegri [Hagsjá](#) er rekstur hins opinbera erfiður þessi misserin. Það á einkum við um ríkissjóð, sem hefur orðið fyrir mun meira tekjufalli en sveitarfélögin, og hefur auk þess þurft að taka á sig mikil útgjöld vegna kreppunnar sem hefur fylgt kórónufaraldrinum. Hluti af hækkun hlutfallsins kemur að sjálfsögðu til vegna lækkunar landsframleiðslunnar, en engu að síður hækkaði samneyslan um 4,5% á föstu verðlagi á árinu 2020.

Hægari aukning samneyslu á þessu ári?

Sé litið á bráðabirgðatölur þjóðhagsreikninga lítur út fyrir að heldur hafi dregið úr aukningu samneyslunnar á síðustu ársfjórðungum. Þannig var aukningin á fyrri hluta árs 2021 2,7% miðað við 5,5% aukningu í fyrra.


Opinber fjárfesting á krepputímum

Opinber fjárfesting dróst saman um 3,7% að raunvirði á árinu 2020. Þetta er annað árið í röð sem opinber fjárfesting minnkar, en samdrátturinn var 9,1% á árinu 2019. Opinber fjárfesting var einungis 3,7% af vergri landsframleiðslu í fyrra, en hún hefur að meðaltali verið um 3,9% af VLF frá árinu 2001. Þetta er mun lakari niðurstaða en bæði yfirlýsingar stjórnvalda og samþykktar heimildir hafa gefið kynna.


Mikill munur á þróun fjárfestingar

Frá árinu 2010 hafa fjárfestingar ríkissjóðs verið að meðaltali um 53 ma.kr. á ári á verðlagi ársins 2020. Hagsjá


Hlutfall samneyslu af vergri landsframleiðslu



Samneysla - ma.kr. á verðlagi ársins 2020



Opinber fjárfesting





Fjárfestingar sveitarfélaganna hafa á sama tíma verið um 33 ma.kr. að meðaltali, eða rúmlega 60% af fjárfestingum ríkissjóðs.

Fjárfestingar bæði ríkissjóðs og sveitarfélaga jukust mikið á árunum 2017 og 2018. Fjárfesting sveitarfélaganna jókst um u.þ.b. 40% að raungildi árin 2017 og 2018, en dróst saman um u.þ.b. 9% 2019 og 14% 2020.

Fjárfestingar ríkissjóðs jukust mikið á árinu 2018, en hluti af aukningunni skrifast reyndar á að þá tók ríkissjóður við Hvalfjarðargöngunum, sem voru skráð sem opinber fjárfesting.

Fjárfesting hins opinbera í heild hefur aukist nokkuð á fyrri hluta ársins 2021 samkvæmt bráðabirgðatölum. Þannig jókst fjárfesting ríkissjóðs um 16% á fyrsta ársfjórðungi frá síðasta ári og um 17% á öðrum. Samsvarandi tölur fyrir sveitarfélögin voru 15,8% og 6,6%.


Sveitarfélög fjárfesta hærra hlutfalli af tekjum

Sveitarfélögin fjárfesta að jafnaði fyrir mun hærra hlutfall af tekjum en ríkissjóður. Á tímabilinu 2010 til 2020 fjárfestu sveitarfélögin að meðaltali fyrir um 10% af tekjum á hverju ári. Hæst varð hlutfallið 14% á árinu 2018 en lægst um 8% á árinu 2016. Ríkissjóður fjárfesti að jafnaði fyrir um 6% af tekjum á tímabilinu, mest 7,7% á árinu 2020 og minnst 3,5% á árinu 2016.

Hlutverk hins opinbera stórt nú um stundir


Hlutverk hins opinbera í hagstjórn og efnahagslífinu hefur þannig verið stórt á síðustu misserum og verður það áfram á næstu árum. Eðli málsins samkvæmt hafa samneysluútgjöld aukist verulega. Markmið ríkissjóðs um verulega aukningu fjárfestingar á krepputímum hafa ekki náð fram að ganga að fullu. Öllum er ljóst að mikil þörf er á fjárfestingu í innviðum og rétti tíminn til þess er einmitt í kreppu. Það er því mikilvægt að gangur komist í opinberar fjárfestingar áður en almennar atvinnuvegafjárfestingar taka að aukast fyrir alvöru.

Umfang fjárfestingar á verðlagi ársins 2020




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Breyting fjárfestingar á föstu verðlagi



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Hlutfall fjárfestingar af tekjum



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.